

# Bókasafn Verkmenntaskólans á Akureyri

## Yfirlit um starfsemi safnsins. Fylgir ársskýrslu 2021



# **Bókasafn Verkmenntaskólans á Akureyri**

## **Yfirlit um starfsemi skólaársins 2020-2021**

### **Fylgir ársskýrslu 2021**

#### **Starfstími**

Starfstími safnsins hefst um miðjan ágúst og endar viku eftir skólalok á vorin. Safnið er opið frá 8–16 á mánudögum til fimmtudaga en á föstudögum er safnið opið frá 8-15.

Fastir starfsmenn safnsins voru tveir. Forstöðumaður í 100% stöðu og bókaforstjóri í 75% stöðu á haustmíssi en sinnti alþjóðamálum í 20% stöðu, en var þó með fulla viðveru á safninu. Safnið hefur verið opið til kl. 18 mörg undanfarin ár en ákveðið var að stytta opnunartímann til kl. 16 vegna covid-19, því ekki þótti réttlætanlegt að láta nemendur bera ábyrgð á safninu á þessum tímum. Á vormíssi kom bókasafnsfræðingur í hlutastarf og var tvo morgna í viku.

#### **Starfsfólk þennan vetur var:**

Hanna Þórey Guðmundsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur  
Hildur Friðriksdóttir, framhaldsskólakennari  
Nanna Lind Svavarsdóttir, bókasafnsfræðingur (hlutastarf á vormíssi)

#### **Hlutverk safnsins**

Hlutverk bókasafnsins er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Meginhlutverk safnsins að kenna og kynna upplýsingalæsi, gera safnkost aðgengilegan, tryggja næði nemenda sem nýta safnið til lærdóms og lána út bækur, tímarit, tölvur og fleira. Nemendur er líka duglegir að nýta safnið sem athvarf, enda er gott að slappa af í notalegu umhverfi.

## **Skráning safnkosts í Gegni**

Áfram var haldið að nýskrá og flokka bækur sem safnið fékk að gjöf árið 2012 frá Elsu E. Guðjónsson og Þór Guðjónssyni. Á síðasta skólaári hófst skráningin en áður hafði safnið verið merkt og fengið sinn stað í hillu. Þetta er að miklum hluta mjög gamlar erlendar bækur og því ekki skráðar af öðrum söfnum í Gegni og tekur því verkið sinn tíma en mikilvægt er að þetta sé skráð í bókasafnskerfið, okkur og mögulega öðrum notendum íslenskra bókasafna til hagsbóta. Þessu verki verður haldið áfram eins og tími vinnst til næstu misseri.

Nokkuð af nýju efni barst safninu á skólaárinu, fag- og brautarstjórar voru hvattir til að koma með innkaupabeiðnir. Keyptar voru íslenskar skáldsögur, barnabækur og fræðibækur.

Á vormánuðum var MikroMark tölvunni pakkað en það gamla bókasafnskerfi hefur ekkert verið notað í vetur og sjáum við ekki fram á að það verði notað meira.

Hjá Landskerfi bókasafna, sem reka Gegni, hefur mikil vinna farið fram við val og undirbúning á innleiðingu á nýjum Gegni. Núverandi Gegni er komin til ára sinna og stenst ekki þær kröfur sem nútíminn setur. Kerfið sem tekur við af gamla Gegni heitir Alma og er frá fyrirtækinu Ex Libris og munum við áfram nota Primo VE leitargáttina í vefviðmóti. Undirbúningi verkefnisins er lokið og innleiðingarferlið er hafið en þetta er stórt og mikið verkefni, grunnuppsetning, gagnahleðslur og prófanir taka sinn tíma. Landskerfi bókasafna leiðir verkið en starfsmenn ýmissa bókasafna sitja í verkefnahóp og koma að innleiðingunni með einum eða

öðrum hætti. Gert er ráð fyrir gangsetningu upp úr miðju ári 2022. Lánþegar ættu þó ekki að finna mikið fyrir þessum breytingum en nýja kerfið ætti að vera mun notendavænna fyrir starfsfólk bókasafna.



Geturðu lesið ljóðið?

### Útlán:

Heildarútlán jukust á skólaárinu þrátt fyrir viðvera nemanda í skólanum hafi verið minni en í hefðbundnu skólaári vegna samkomutakmarkana. Þessi aukning skýrist að mestum hluta af því að enn aukast útlán á fartölvum. Safnið hefur 14 tölvur til útláns og eru þær í stöðugri notkun. Það kemur fyrir að notendur koma að tónum tölvuskáp því oft eru allar fartölvur í útláni. Á vorönn keypti Starfsbraut 12 fartölvur fyrir sínar nemendur en það var liður í því

að mæta aukinni fartölvuþörf nemenda við skólann.

Útlán í vetur voru 4632 og þar af útlán á tækjum 3597 en það eru fartölvur, heyrnartól, reiknivélar, teikniborð, laust diskadrif og færanlegt handhægt ljósmyndastúdíó. Algengt er að nemendur fái tölvu í einn tíma til að vinna verkefni og því er algengt að sama fartölvun sé lánuð oft út til mismunandi notenda allt upp í átta skipti sama daginn.

Nemendur fá bækur lánaðar til ritgerða- og verkefnavinnu og einstaka til yndislesturs. Nemendur koma líka til að fá kennslubækur ef bók hefur gleymist heima en það er stefna safnsins að eiga eitt eintak af hverri kennslubók sem hægt er að fá í dægurlán. Bókaútlán hafa dregist saman þetta skólaár og ekki er ólíklegt að heimfaraldurinn spili þar inn í. Á næsta skólaári stefnum við á að auka útlán á bókum enn frekar.

Töluvert er um að starfsfólk bókasafnsins tíni til á bókavagna safnefni fyrir einstaka verkefni og ritgerðir og þá er það efni nýtt á safninu án þess að það fari í formleg útlán og telji í tölfræðinni. Þetta sparar nemendum vinnu við að finna sjálfir til heimildir og tryggir að allir nemendur hafi jafnan aðgang að efninu, en ekki er reiknað með að nemendur fái safnefni í útlán ef efnið er á vagni og fleiri þurfi að nota það.



Það þarf ekkert alltaf að sitja þegar bækur eru lesnar

### **Kennsla í upplýsingalæsi**

Undanfarin ár hafa allir nýnemar komið á safnakynningu sem hluta af sínu námi í lífsleikni. Þá er hverjum hóp skipt í tvennt og fá þeir annars vegar fræðslu um upplýsingaleit m.a. í Gegni og mikilvægi þess að vera gagnrýninn við val á heimildum og hins vegar almenna kennslu um hvernig hægt er að finna efni á safninu. Nemendur vinna svo verkefni sem felur í sér leit í tölvum og í bókum safnsins og gekk það vel hjá nemendum. Þetta eru margir hópar og mörg andlit en það gefur starfsfólki bókasafnsins mikið að ná að kynna safnið og tengjast nýnemum í upphafi annar. Safnakennslan hófst með eðlilegum takti en þegar 10 hópar af 17 voru búnir að ljúka sinni safnakynningu var farið yfir í fjarkennslu vegna hertra sóttvarnaraðgerða. Það voru því 7 hópar sem ekki fengu að koma í sína hefðbundnu kynningu. Til að þeir nemendur færu ekki alveg á

mis við safnakynningu fengu þeir send myndbönd þar sem þjónusta safnsins var kynnt og í kjölfarið fylltu þau út verkefni sem þeim gekk vel að leysa. Auðvitað er mun betra að fá að hitta nemendur á safninu en þetta varð að duga að þessu sinni og vonandi leita þessir nemendur til okkar á safninu þegar þeir þurfa.

Á vorönn fór áhersla í upplýsingalæsiskenndu til lokaverkefnisnema. Flestir hópar sem vinna að lokaverkefni fengu kenndu um hvernig er best að leita af heimildum t.d. á leidir.is og hvar.is og hvað beri að hafa í huga við leit á heimildum og hvernig val og meðferð heimilda skiptir sköpum við vinnslu lokaverkefna. Þetta voru nemendur á stúdentsbrautum, sjúkraliðanemar, vélstjórnemendur og nemendur á lokaönn í húsasmíði. Það er mikilvægt að ná til nemenda á þessum tímamarki og ef þeir tileinka sér gagnrýnin og vönduð vinnubrögð við heimildaleit fyrir lokaverkefni þá mun það gagnast þeim í námi og starfi í framtíðinni. Sífellt meira af efni verður aðgengilegt á netinu með ári hverju og því er þessi kenndu mikilvæg og gott að geta beint nemendum á að auðvelt sé að taka falsfréttir alvarlega ef slakað er á gagnrýnni hugsun. Þarna gafst líka tækifæri til að auglýsa Ritverið og voru lokaverkefnisnemendur einna duglegastir nemenda að nýta sér það.

### **Vefsíða safnsins:**

Í gegnum tíðna hafa bókasöfn haldið úti skipulegum vefsíðum sem leiða notendur að gagnlegum vefsíðum eftir fræðigreinum. Gallinn við slík söfn er að þau úreldast og því þarf að viðhalda þeim jafnt og þétt. Í seinni tíð hafa söfnin aflagt slíkar síður enda leitarvél orðnar mun markvissari og öllum orðið ljóst að á vefnum er til gríðarlegt magn af upplýsingum og hæfni manna orðin betri í því að

leita eftir slíkum upplýsingum. Því var ákveðið að einfalda heimasíðu bókasafnsins og taka út tenglasafnið.

Einnig leggjum við meira upp úr því að vísa í vefi sem aðrir halda úti er snúa að skráningu heimilda. Skráning heimilda tekur breytingum og kom til að mynda út ný útgáfa af APA kerfinu árið 2020. Því vísum við á Ritver HÍ og bókasafns Háskólans í Reykjavík sem uppfæra sína leiðarvísi heimildaskráningu jafnt og þétt í stað þess að uppfæra okkar leiðbeiningar.

Á þessu ári stofnuðum við Instagram reikning þar sem það er líklegri miðill til að ná til nemenda heldur en Facebook. Vonandi fjölgar fylgjendum þar næsta vetur.



Jólatré á safninu



## Samkomubann

Skólastarfið var með nokkuð óvenjulegu móti þetta árið vegna Covid og litaði það starf bókasafnsins töluvert. Við upphaf haustannar mættu bóknámsnemendur sjaldnar í skóla en í hefðbundnu ári og hluti kennslunnar fór fram í gegnum fjarfund. Þetta var til þess að fækka nemendum í húsi hverju sinni. Ekki var heldur í boði að koma með nemendahópa á safnið til að tryggja að aldrei yrði farið yfir leyfilegan hámarksfjölda sem var allt niður í 20 manns þegar strangast var. Í október voru sóttvarnarreglur hertar enn frekar og fluttist allt bóknám yfir í fjarnám en starfsnám, brautarbrú og fengu að vera í staðarnámi. Í þrjár vikur mættu Hildur og Hanna til skiptis á safnið til draga úr líkum á smiti. Við fækkuðum stólum um tæplega helming til að tryggja að aldrei yrðu nemendur umfram það sem leyfilegt var. Með hækkandi sól var stólum svo fjölgað aftur. Grímuskylda var þó á safninu í allan vetur. Við hlökkum mikið til þegar grímuskylda verður afnumin og við fáum að sjá framan í nemendur aftur.

Því má segja að þetta starfsár bókasafnsins hafi verið nokkuð óvenjulegt, við söknuðum þess að hafa troðfullt safn af nemendum en þó færðist nokkuð líf á safnið undir lok vormisseris. Undanfarin ár hefur safnið verið notað mikið og er það áskorun til starfsmanna safnsins að gera hvað við getum til að safnið verði áfram miðjan í skólastarfinu þar sem allir nemendur finna sig velkomna og sækja þá þjóunustu sem þeir þurfa hverju sinni.

Drjúgur tími starfsfólk fór í sóttthreinsun þetta árið. Fartölvur voru sóttthreinsaðar eftir hverja notkun og borð voru sóttthreinsuð eftir hverja notkun. Því voru farnar ófáar ferðir um safnið með sóttthreinsivökva og klút. Þó að þetta hafi tekið drjúgan tíma þá

fjölgaði þetta eftirlitsferðum enn frekar um safnið og gátum við í leiðinni bent nemendum inn á lesrými að nýta önnur rými safnsins eða skólans ef tilgangur heimsóknar var að spjalla og borða hádegismat.

### **Átak í grisjun**

Þar sem færri nemendur voru að sækja safnið stóran hluta vetrar þá gafst tími til annarra verka á safninu. Farið var í gegnum allan safnkost og grisjað. Mjög lítið hillupláss var laust og ákveðið var að létta á safninu, bæði til að taka frá úrelt efni og líka til þess að safnefnið væri aðgengilegra fyrir nemendur. Þess var þó vel gætt að farga engum bókum sem hugsanlega kæmu að notum síðar eða hefðu eitthvert gildi í framtíðinni. Geymslan í kjallaranum kom að góðum notum og margir kassar voru fylltir af bókum sem hægt að að nálgast síðar ef þar.

Öll tímarit safnsins eru geymd inn á lesstofunni og þar var líka grisjað og tekið til. Á síðustu árum hefur mikið að íslenskum tímaritum verið skannað inn á timarit.is. Við ákváðum að fjarlægja þau tímarit sem eru aðgengileg þar og eru í lítilli notkun. Einhverju var hent en áratugagömlum íslenskum dýrmætum tímaritum var pakkað. Tímaritamerkingar voru allar endurnýjaðar og samræmdar og því er nú mun léttara yfir lesstofunni.



Hanna og Hildur bregða á leik. Föt og bækur í stíl

## Ritver

Á vormisseri 2019 hófst formlega starfsemi Ritvers og þótti fara vel að hafa það inni á bókasafninu. Styrkur hafði fengist fyrir verkefninu og var hann nýttur til að greiða laun kennara sem önnuðust ritverið. Skólaárið 2020-2021 var hins vegar ekki til fjármagn til að halda Ritverinu gangandi með sama hætti. Reynslan sýndi að þörfin var engu að síður til staðar fyrir Ritverið og var því ákveðið að endurvekja það og að föstu starfsmenn bókasafnsins myndu þjónusta þá nemendur sem til Ritvers myndu leita.

Í byrjun febrúar 2021 var Ritverið auglýst og strax fóru að berast bókanir frá nemendum. Hægt var að bóka tíma í gegnum heimasíðu safnsins eða

koma við hjá okkur á safninu. Samtals urðu tímabókanir 67 þessa önn og voru lokaverkefnisnemendur duglegastir að sækja þjónustuna. Við eigum vona á því að Ritverið festi sig enn betur í sessi og á næstu misserum verði jafnvel enn meiri ásókn í Ritverið. Nemendur óskuð eftir aðstoð við heimildaleit, skráningu heimilda, tilvísanirgerð, uppsetningu ritgerð og yfirferð texta. Einnig komu nemendur í námsversaðstoð. Upphaflega hugmyndin var ekki að starfrækja námsver en þrátt fyrir það var engum vísað frá. Mögulega getum við boðið nemendum framtíðarinnar upp á þjónustu námsvers.

Veturinn hefur verið sérstakur að mörgu leyti en þrátt fyrir það finnum við að safnið er mikilvægur hlekkur í starfi skólans og nemendum líður vel á safninu. Starfsfólk safnsins nýtur sín best þegar mikið er að gera og nemendur spyrja margra spurninga og mætum við næsta skólaári með tilhlökkun.